

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulagsbreyting, Höfði II og IIb, Biskupstungum.*  
Breytingin felur í sér að 5 ha land undir íbúðarhús og skemmu, nefnt Höfði III í gildandi deiliskipulagi, fellur hér með út og í stað þess er stofnuð 3.000 m<sup>2</sup> lóð undir skemmuna. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir sér lóð fyrir íbúðarhúsið.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2017.
2. *Deiliskipulagsbreyting, frístundabyggð, Brú, Biskupstungum.*  
Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er minnkað úr 36,7 ha í 14,9 ha. Felldar verða út lóðir nr. 1 til 17 og nr. 19, 21 og 38.  
Samþykkt í sveitarstjórn 24. júní 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. mars 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2017